



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skipulagssvið
Pétur Ingi Haraldsson,
sviðsstjóri
Suðurbyggð 3
600 Akureyri

18. júní 2018
MÍ201802-0015/ 6.06 / 3690

Lundargata 13, niðurrif og nýbygging.

Í tölvupósti dags. 1. júní 2018 óskar Kollgáta ehf. eftir umsögn Minjastofnunar Íslands vegna Lundargötu 13 á Akureyri og að umsögninni sé beint til byggingarfulltrúa Akureyrarbæjar. Með erindinu fylgja aðaluppdrættir Kollgátu af breytingunni (í fyrra bréfi Minjastofnunar dags. 25.04.2018 var ritvilla en þá var um drög að ræða en ekki aðaluppdrætti eins og stóð í bréfinu). Sótt er um leyfi til að rífa húsið Lundargötu 13 og byggja nýtt hús á grunni þess, í nánast sömu mynd og gamla húsið.

Lundargata 13 er einlyft timburhús á kjallara og með risi, reist árið 1897 skv. Fasteignaskrá. Húsið er því friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Eigendum friðaðra húsa er skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa.

Minjastofnun samþykkti í bréfi dags. 25.04.2018, allsherjar viðgerð á húsinu, en lagði áherslu á að grunnform og hlutföll hússins yrðu varðveitt. Samþykkt var að forskalning yrði fjarlægð utan af húsinu og það klætt með bárujárnri, auk þess sem nýir gluggar yrðu settir í húsið sem betur falla að upprunalegri gerð þess. Einnig var fallist á stækkun viðbyggingar, breytingar á dyra- og gluggaskipan á suðurhlið hússins og hækkun þaks, svo koma mætti fyrir einangrun og loftun í húsinu.

Að þessu sinni er húsið sagt verr farið en áður var talið og óskað er heimildar til að fjarlægja húsið „að öllu leyti. Nýir sökkklar verði steypdir undir húsið og nýtt hús byggt í sömu mynd og áður var ofangreindum skv. teikningum. Nýtt burðarvirki útveggja og þaks verður reist skv. teikningum og allir gluggar, hurðir, klæðningar og lagnir verða endurnýjaðar.”

Núverandi tillaga Kollgátu um niðurrif og nýbyggingu hússins kallar á samþykki Minjastofnunar fyrir affriðun hússins og heimild til niðurrifs, en til þess þarf að færa gild rök fyrir að húsið sé með öllu ónýtt með óháðu ástandsmati. Í fyrri tillögu sem kynnt var fyrir Minjastofnun og samþykkt, var gert ráð fyrir að gert yrði við það sem nauðsynlegt væri, skipt yrði um klæðningu og gert við grind hússins og sökkul eftir þörfum. Verkið yrði þannig skilgreint sem endurgerð frekar en niðurrif og nýbygging.

Minjastofnun getur ekki fallist á tillöguna á núverandi forsendum en leggur til að beiðnin verði endurskoðuð og -orðuð sem endurbygging, með það að markmiði að byggja á og gera við það sem fyrir er, í stað þess að fjarlægja það og byggja nýtt í líkingu þess gamla.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Rúnar Leifsson
minjavörður Norðurlands eystra


María Gísladóttir
arkitekt, verkefnastjóri

Afrit í tölvupósti:

Kollgáta - arkitektúr (kollgata@kollgata.is)
Ingólfur Freyr Guðmundsson (ingo@kollgata.is)
Leifur Þorsteinsson (leifur@akureyri.is)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kærarlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.